

# Hönnunarsmiðja um framtíð tækni og menntunar

*Hvernig skóla eða skólakerfi myndir þú hanna til að takast á við áskoranir 21. aldar? Hvaða tækninýjungar munu hafa áhrif á menntun í framtíðinni og hvernig ætlar þú að nýta þær?*

[MenntaMiðja](#) og [RANNUM](#) halda hönnunarsmiðju þar sem þátttakendur fá að kynna hvernig hönnunarnálgun er notuð í [stefnumótun skólamála](#) (sjá frekar um [hönnunarnálgun og hönnunarsmiðjur hér](#)). Hönnunarsmiðjan er skipulögð í samvinnu við [Virajita Singh](#), sérfræðingur í [hönnunarnálgun frá Háskólanum í Minnesóta](#), sem verður á staðnum til að leiða vinnu þátttakenda. Þátttakendur munu velta fyrir sér framtíð tækniþróunar og mögulegum áhrifum hennar á menntun. Hugmyndir um skóla framtíðar verða mótaðar í skapandi samstarfi með fjölbreyttum hópum hagsmunaaðila.

**Þátttakendur skrá sig með eyðublaðinu hér fyrir neðan fyrir lok dags 18. nóvember.**

## Tími:

20. nóvember, 2013 frá kl. 10-15. Þátttakendur geta valið um að vera allan daginn eða hálfan daginn (fyrir eða eftir hádegi).

## Staður:

[Hlaðan í Gufunesbæ](#)

## Hverjir eiga að taka þátt?

Hönnunarsmiðjan er opin öllum sem hafa áhuga á þróun upplýsingatækni og menntunar.

## Verð:

Heill dagur (kaffi og léttur hádegisverður innifalinn): kr. 6.500

Hálfur dagur (2 klst. fyrir eða eftir hádegi): kr. 4.000

Háskólastúdentar (allir háskólar): kr. 4.000

*Hönnunarsmiðjan er styrkt af Kennslumálasjóði HÍ og Global Programs and Strategy Alliance Háskólans í Minnesóta.*

**Lokað hefur verið fyrir skráningum.**

